Drög 3.0

01.10.2018

# VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ALMANNAVARNA

# Viðbragðsáætlun fyrir Hvalfjarðargöng



Ríkislögreglustjórinn

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins

Vegagerðin

# Áríðandi minnisatriðið meðan áætlunin er í endurskoðun í kjölfar viðtöku Vegagerðarinnar á Hvalfjarðargangna.

Frá 1 október 2018 tekur vegagerðin við rekstri gangnanna af Speli.

Meðan á uppfærslu viðbragðsáætlunarinnar stendur er **VEGAGERÐIN** ábyrg fyrir hlutverkum og verkþáttum **Spalar** í áætluninni ásamt eigin hlutverki og verkþáttum.

Þá er vert að minna á að ef áætlunin hefur verið virkjuð virkjast tveir vettvangar, **Norður vettvangur** og hinsvegar **Suður vettvangur .** Hvor vettvangur hefur sína vettvangsstjórn með skilgreindu starfsliði.

Ef ágreiningur vaknar ef áætlunin hefur verið virkjuð fram að útgáfu endurskoðaðrar útgáfu sker **AÐGERÐARSTJÓRI** úr ágreiningi .

Nýr vöktunaraðili gangnanna er Vegagerðin og eru eftirtalin símanúmer hjá ábyrgðaraðilum,

| | | |
|---|---|---|
| **Vaktstöð Vegagerðarinnar** | **Landlína** | **522-1160** |
| Vaktstöð suður ( Rvík) | GSM sími | **860-5441** |

**Þjónustustöðin í Hafnarfirði**

| | |
|---|---|
| Bjarni Stefánsson | 899-4989 |
| Jóhann B Skúlason | 860-2773 |
| Helgi Kjartansson | 893-8591 |

Mannvirkjadeild Vegagerðarinnar

| | |
|---|---|
| Gísli Einarsson | 894-3690 |

## EFNISYFIRLIT - KAFLASKIPTI


**1.0 Inngangur....5**

**2.0 Hvalfjarðargöng: Staðhættir og tæknibúnaður....6**

**3.0 Skilgreiningar....8**

3.1 Virkjun....8

3.2 Afboðun....8

3.3 Skammstafanir....9

**4.0 Boðun....10**

4.1 Virkjun....10

4.2 NEYÐARSTIG GRÆNN....11

4.3 NEYÐARSTIG GULUR....12

4.4 NEYÐARSTIG RAUÐUR....13

**5.0 Stjórnkerfi....14**

5.1 Grunneiningar, hlutverk og tengingar....14

5.2 Aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins....15

5.3 Verkþáttaskipurit fyrir aðgerðastjórn....16

5.4 Vettvangsstjórn....17

5.5 Verkþáttastjórar og hlutverk þeirra á vettvangi....18

5.6 Verkþáttaskipurit fyrir vettvangsstjórn....19

5.7 Samhæfingarstöðin....20

5.8 Spölur....20

5.9 Fjölmiðlar....21

5.10 Rannsókn vettvangs....21

**6.0 Starfssvæði....22**

6.1 Móttökustaður bjarga (MÓT)....23

6.2 Biðsvæði á vettvangi (BF, BH og BTB)....23

6.3 Slysstaður og næsta nágrenni (SLY)....24

6.4 Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)....24

6.6 Söfnunarsvæði látinna (SSL)....25

6.7 Gæslustörf á vettvangi....25

6.8 Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)....26

6.9 Talning/Skráning....26

**7.0 Eldur í göngum / hættuleg efni....27**

Viðbrögð slökkviliðs vegna elds/hættulegra efna í göngunum....27

Slökkvistarf....27

Hættuleg efni....28

**8.0 HLUTVERK VIÐBRAGÐSAÐILA....29**

8.1 Neyðarlínan 112 .... 30
8.2 Gjaldskýli .... 31
8.3 Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar .... 32
8.4 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins .... 33
8.5 Landspítalinn .... 35
8.6 Sjúkrahúsið og heilsugæslan á Akranesi .... 36
8.7 Rauði kross Akraness .... 37
8.8 Rauði krossinn á Höfuðborgarsvæðinu .... 38
8.9 Rauði krossinn í Borgarfirði .... 39
8.10 Vegagerðin í Reykjavík .... 40
8.11 Vegagerðin í Borgarnesi .... 41
8.12 Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar .... 42
8.13 Landsstjórn .... 43
8.14 Samhæfingarstöðin .... 44
8.15 Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra .... 45
8.16 Aðgerðastjórn almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins .... 46
8.17 Vettvangsstjórn .... 47
8.18 Landhelgisgæslan, stjórnstöð .... 48
8.19 Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu .... 49
8.20 Lögreglan á Vesturlandi, Akranes og Borgarnes .... 50

**9.0 Fjarskiptaskipulag .... 51**

9.1 Grunnskipulag fjarskipta .... **Error! Bookmark not defined.**
9.2 Fjarskipti sundurliðuð .... 52

**10.0 Kort .... 54**

**11.0 Dreifingarlisti .... 59**

**12.0 Breytingasaga .... 60**

**13. Viðaukar .... 61**

# 1.0 Inngangur

Viðbragðsáætlun fyrir Hvalfjarðargöng segir til um skipulag og stjórnun aðgerða í kjölfar slysa í Hvalfjarðargöngum. Áætlunin er unnin af almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins,almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins og Speli. Þeir viðbragðsaðilar sem hafa hlutverk samkvæmt áætluninni voru hafðir með í ráðum.

Auk þess að vera viðbragðsáætlun almannvarna eru viðbragðsaðilar sammála um að áætlunin taki einnig á öðrum tilfellum sem tengjast slysum í Hvalfjarðargöngum. Þau tilfelli sem falla undir daglegt viðbragð eru skilgreind sem grænt og gult ástand en almannavarnaástand er skilgreint sem rautt.

Á grænu og gulu er það ákvörðun ríkislögreglustjóra eða lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins hvort að um almannavarnaástand sé að ræða.

Markmið áætlunarinnar er að tryggja skipulögð viðbrögð við slysum í Hvalfjarðargöngum og að þolendum berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma. Viðbragðsáætlunin er til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð en felur ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur aðgerðastjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjórans, almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins, Spöl og aðra viðbragðsaðila ber ábyrgð á virkni áætlunarinnar. Þessir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum á henni en ritstjórn er á ábyrgð almannavarnadeildar. Áætlunin skal uppfærð á 4 ára fresti en boðunarlista hjá Neyðarlínunni skal uppfæra eins oft og þörf krefur og eigi sjaldnar en árlega.

Hver aðili ber ábyrgð á því að uppfræða sína starfsmenn um áætlunina, innri áætlanir og gátlista vegna þeirra verkefna sem að þeim snúa og þjálfun vegna þeirra Á sama hátt skal lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og aðgerðarstjórn beita sér fyrir því að allir þættir áætlunarinnar séu æfðir að minnsta kosti á fjögurra ára fresti.

Allir sem tengjast áætluninni skulu taka saman verkáætlun með gátlistum um það hvernig þeir leysa þau verkefni sem þeim eru falin skv. 8. kafla

Áætlunin miðast við SÁBF vegna aðgerða á slysavettvangi.

Við gerð áætlunarinnar var stuðst við lög nr. 82/2008 um almannavarnir, lög nr.75/2000 um brunavarnir og lög nr.90/1996 lögreglulög.


Reykjavík 18. desember 2013

Viðbragðsáætlunin tekur þegar gildi.

Ríkislögreglustjóri

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

F.h. almannavarnanefndar höfuðborgarsv.

Spölur

# 2.0 Hvalfjarðargöng: Staðhættir og tæknibúnaður



Hvalfjarðargöng eru 5.770 metra löng, þar af 3.750 metrar undir sjó. Dýpsti hluti þeirra er 165 metrum undir yfirborði sjávar. Þrjár akreinar eru norðan megin (tvær til norðurs, ein til suðurs), veghalli 8%. Að sunnanverðu er ein akrein í hvora átt, veghalli 4-7%. Gjaldhlið er 330 metra frá gangamunna að norðan og vakt í gjaldskýli allan sólarhringinn. Þar er fylgst með myndavélum, mælitækjum og tæknibúnaði ganganna og öllum viðvörunum sem kunna að berast frá eftirlitskerfi ganganna.

**Slökkvitæki/Neyðarsímar** Skápar með slökkvitækjum og neyðarsímum eru með 125 metra millibili. Í hverjum skápi eru tvö slökkvitæki og eitt símtæki.

**Neyðarútskot** Neyðarútskot eru á 11 stöðum með 500 metra millibili þar sem unnt er að snúa við ökutækjum, þar af þrjú útskot sem unnt er að nota til að snúa við stórum bílum.

**Umferðarljós** Við báða gangamunna eru umferðarljós og slár sem stjórnað er í gjaldskýli til að stöðva umferð inn í göngin ef nauðsyn krefur. Þessi ljós eru venjuleg umferðarljós samkvæmt reglugerð.

**GSM-samband** Viðskiptavinir Símans GSM og Vodafone geta notað farsíma í göngunum.

**Tetra** Tetra-fjarskiptakerfi er í Hvalfjarðargöngum, talstöð í gjaldskýli og handstöðvar í bíl Spalar á vettvangi og hjá öryggisfulltrúa fyrirtækisins. Gott samband er alls staðar í göngunum og utan munna beggja vegna fjarðar.

**Mengunarmælar** Mengun af völdum útblásturs bíla (CO-gildi: kolmónoxíð) er stöðugt mæld á fjórum stöðum í göngunum og svifryksmælar eru á tveimur stöðum. Allir eru nemarnir tengdir eftirlitskerfinu sem ræsir blásara sjálfvirkt ef mengun fer yfir tiltekin mörk.

**Blásarar** 32 blásarar í 4 ,,hópum“ geta hreinsað út mengað loft í hvora áttina sem er. Þeir stjórnast af skynjurum sem nema koltvísýring og köfnunarefni í göngunum. Einnig má stjórna blásurunum handvirkt í gjaldskýlinu. **Blásarnir eru látnir blása lofti til suðurs í göngunum - nema á föstudögum frá maíbyrjun til septemberloka** þegar straumur umferðar er jafnan norður göngin. Þá er stjórntækjaskápur 60 metrum frá gangamunna að sunnan sem Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins getur notað við stýringu reyklosunar vegna bruna í göngunum.

- Fari koltvísýringur og köfnunarefni upp fyrir tiltekið mark fara blásararnir sjálfkrafa í gang.
- Nái koltvísýringur 100 ppm fara allir blásarar sjálfkrafa í gang.
- Nái koltvísýringur um eða yfir 100 ppm í 15 mínútur kviknar rautt stöðvunarljós sjálfkrafa við gangamunna og innakstur er bannaður á meðan slíkt ástand varir.
- Hægt er að slá út sjálfvirkni blásaranna í gjaldskýli.

**Náttúrulegt loftstreymi** Náttúrulegt loftstreymi er til suðurs í göngunum og hægt að fylgjast með vindhraða í gjaldskýli. Vindmælir er uppi við loft nokkru sunnan við mið göng, nánar til tekið 3.250 metra frá Hvalfjarðarvegamótum sunnan gangamunna (ath.: staðsetning í göngunum miðast við fjarlægð frá Hvalfjarðarvegamótum!). Vindhraðinn er breytilegur og ræðst af umferð og því hvort blásarar eru í gangi eða ekki. Ef blásarar eru í gangi getur vindhraðinn farið upp í 2,5 metra á sekúndu en farið alveg niður í 0,1 m/sek þegar umferð er lítil sem engin.

| | |
|---|---|
| **Útvarp í göngunum** | Unnt er að hlusta á báðar rásir Ríkisútvarpsins (FM 93.5 og FM 90.1) og Bylgjuna (FM 98.9) í göngunum. Starfsmenn í vaktskýli geta hvenær sem er rofið útvarpssendingar með skilaboð til vegfarenda ef óhapp ber að höndum eða hættuástand skapast. |
| **Guðlaug** | Vatnsþróin Guðlaug er í botni ganganna. Hún tekur við jarðvatni og þaðan er því dælt upp á yfirborðið og út í sjó. Þróin er jafnframt hluti af öryggiskerfi ganganna og þar er hægt að ná í vatn til slökkvistarfa. Við Guðlaug er dælubúnaður sem unnt er að dæla með 2.000 lítrum af vatni á mínútu á geyma slökkvibíla. |
| **Brunahani/vatnsgeymir** | Beggja vegna gangna eru 7.000 lítra vatnsgeymar til afnota fyrir slökkvilið. Brunahani er í innan við eins kílómetra fjarlægð frá gangnamunna að norðan, við Kirkjuból/Innri-Hólm. |
| **Myndavélakerfi** | 81 myndavél er í og við göngin og er meirihluti þeirra (57) tengdur við sjálfvirka atvikagreiningu sem lætur vaktmenn vita ef það greinir frávik. Dæmi um frávik eru ef bíll stöðvast eða er stöðvaður, bílar lenda í árekstri, ef reykur myndast, ef ekið er hægt eða hratt, ef ekið er inn í útskot eða ef farmur fellur af bíl. |
| **Hraðamyndavél** | Hraðamyndavélar eru í göngunum. |
| **Bílar taldir sjálfvirkt** | Tæknibúnaður í göngunum telur sjálfvirkt bíla sem fara inn í göngin og þá sem fara út. Búnaðurinn gefur vísbendingu um fjölda bíla í göngunum á hverjum tíma. |
| **Hæðartakmarkanir** | Hæðartakmarkanir eru í göngunum. Við hvorn munna eru slár og stálbitar í 4,2 metra hæð yfir akbraut til að verja tæknibúnað ganganna fyrir of háum farmi. |
| **Viðhald** | MEITILL ehf. ehf. annast reglubundið eftirlit og viðhald Hvalfjarðarganga, auk viðgerða á öllum búnaði þeirra. Starfsmenn í gjaldskýli geta kallað á viðgerðarmenn frá MEITLI EHF. ehf. á öllum tímum sólarhrings og á aðstoð að berast þaðan innan 30 mínútna frá útkalli. |
| • | Fjallað er um öryggiskerfið í sérstakri viðhaldshandbók og gert ráð fyrir eftirlitsferð í hverri viku til að yfirfara og kanna ákveðna þætti búnaðarins. |
| **Flutningstakmarkanir** | Reglur um flutningstakmarkanir í Hvalfjarðargöngum hafa gilt frá því þau voru opnuð, núgildandi reglugerð var birt 10. apríl 2003, sjá blað 2.2 í viðbúnaðaráætluninni. |

# 3.0 Skilgreiningar

## 3.1 Virkjun

Viðbragðsáætlun Hvalfjarðarganga er hægt að virkja á einu stigi, neyðarstigi. Umfang er skilgreint í þremur litum sem gefa til kynna umfang viðbragða þ.e. fjölda þeirra eininga sem eru virkjaðar til starfa í hvert sinn, þörf fyrir samhæfingu og fjölda stjórnstiga. Þörf fyrir umfang bjargar er áætlað miðað við fjölda ætlaðra þolenda í hverju tilviki fyrir sig.

Þeir sem heimild hafa til að virkja áætlunina eru:

- Fjarskipamiðstöð ríkislögreglustjóra
- Lögreglan
- Slökkviliðið á Akranesi og Hvalfjarðarsveit / Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
- Samhæfingarstöðin

Þegar slys verður í Hvaljarðargöngum er áætlunin virkjuð á því neyðarstigi sem við á.

## NEYÐARSTIG

### NEYÐARSTIG GRÆNN

Ástand þar sem daglegar bjargir sinna atvikinu án aukins viðbúnaðar, ekki slys á fólki.

### NEYÐARSTIG GULUR

Alvarlegt slys eða atburður svo sem leit á einu svæði eða þörf er á að margir viðbragðsaðilar eða stofnanir sinni verkefninu.

*Ástand þar sem daglegar bjargir í umdæminu sinna atvikinu auk þátttöku annara valina bjarga og samhæfingar er þörf*

### NEYÐARSTIG RAUÐUR

Mjög umfangsmikið slys eða atburður svo sem leit eða björgun við erfiðar aðstæður eða á mörgum svæðum. Þörf á aðkomu mikils fjölda viðbragðsaðila eða stofnana og aukin þörf á samhæfingu og stjórnskipulagi almannavarna

*Ástand þar sem daglegar bjargir anna ekki ástandinu, þörf er á aðstoð fleiri bjarga og víðtækrar samhæfingar er þörf*

**Viðbrögð:**

Tilteknir aðilar, sem skilgreindir eru í boðunargrunni Neyðarlínunnar 112, sinna verkskyldum samkvæmt áætlun þessari. (sjá kafla 4 og 8)

## 3.2 Afboðun

Stjórnandi aðgerðar tilkynnir breytingar á neyðarstigi til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd hennar. Stjórnandi tilkynnir auk þess um afboðun eða breytingu á háskastigi á TETRA til þeirra sem hafa verið virkjaðir til starfa.

## 3.3 Skammstafanir

| | |
|---|---|
| **AHS** | Aðhlynningarstjóri |
| **AST** | Aðgerðastjórn /aðgerðastjóri |
| **AVN/Av-nefnd** | Almannavarnanefnd |
| **BF** | Biðsvæði flutningstækja |
| **BH** | Biðsvæði hjálparliðs |
| **BTB** | Biðsvæði tækja og búnaðar |
| **F** | Verkþátturinn **flutningar** |
| **IL** | Innri lokun |
| **L og B** | Verkþátturinn **leit og björgun** |
| **LSH** | Landspítalinn |
| **LÞ** | Lendingarsvæði fyrir þyrlur |
| **Mhz** | Megahertz |
| **MÓT** | Móttökustaður fyrir bjargir |
| **MRCC** | Stjórnstöð sjóbjörgunar (*Maritime Rescue Coordination Centreer*) |
| **RKÍ** | Rauði kross Íslands |
| **RNSA** | Rannsóknarnefnd samgönguslysa |
| **S og F** | Verkþátturinn **sjúkra- og fjöldahjálp** |
| **SÁBF** | **S**tjórnun-**Á**ætlun-**B**jargir-**F**ramkvæmd – verkþáttaskipurit fyrir AS og VS |
| **SLY** | Slysstaður/slysavettvangur |
| **SSA** | Söfnunarsvæði aðstandenda |
| **SSL** | Söfnunarsvæði látinna |
| **SSÓ** | Söfnunarsvæði óslasaðra |
| **SSS** | Söfnunarsvæði slasaðra |
| **SST** | Samhæfingarstöðin |
| **G** | Verkþátturinn **gæslustörf** |
| **VHF** | *Very High Frequency* |
| **VST** | Vettvangsstjórn/vettvangsstjóri |
| **YL** | Ytri lokun |
| | |

# 4.0 Boðun

## 4.1 Virkjun

Eftirtaldir boða þá, sem verkskyldu hafa, til starfa:

- Neyðarlínan 112
- Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra:

Og tilkynna um:

- **NEYÐARSTIG – grænn – Hvalfjarðargöng – (lýsing á atburði)**
- **NEYÐARSTIG – gulur – Hvalfjarðargöng – (lýsing á atburði)**
- **NEYÐARSTIG – rauður – Hvalfjarðargöng – (lýsing á atburði)**
- **líkleg staðsetning** atburðar

**Breyting á almannavarnastigi**

Stjórnandi aðgerðar ( AST) tilkynnir breytingar á neyðarstigi til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd hennar. Stjórnandi tilkynnir auk þess um afboðun eða breytingu á háskastigi á TETRA til þeirra sem hafa verið virkjaðir til starfa.

**Afboðun**

Á grænu og gulu tekur AST ákvörðun um afboðun og tilkynnir um afboðun á TETRA til þeirra sem virkjaðir hafa verið.

Á rauðu tekur AST, í samráði við SST og AST, ákvörðun um afboðun áætlunarinnar. Tilkynning um afboðun kölluð út á TETRA til þeirra sem virkjaðir hafa verið til starfa. SST felur Neyðarlínu að senda tilkynningu í gegnum SMS á þá sem boðaðir voru til starfa.

## 4.2 NEYÐARSTIG GRÆNN

Neyðarlínan boðar

**NEYÐARSTIG GRÆNN – Hvaljarðargöng**

Daglegir viðbragðsaðilar sendir á staðinn samkvæmt verklagi.

Auk þess skal upplýsa:

| Nafn | SMS | Símtal |
|---|---|---|
| Aðgerðastjórn almannavarna höfuðborgarsvæðisins | x | |
| Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra – Bakvakt | x | |
| Aðrir / Vegagerð - Hvalfjarðargöng | | |
| Lögregla / 06 FMR / Vegna boðunaráætlana | | |
| Lögregla / 307 LRH / SMS vaktsími LRH | x | |
| Lögregla Vesturlandi Allir Vesturlandi | | |
| Lögregla Vesturlandi – Vegna boðunaráætlanna | x | |
| Slökkvilið / SHS / 70 | x | |
| Slökkviliðið á Akranesi og Hvalfjarðarsveit – 31-AKR-TÆKJA | x | |
| Vegagerðin – Hvalfjarðargöng | x | |

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

## 4.3 NEYÐARSTIG GULUR

Neyðarlínan boðar

**NEYÐARSTIG GULUR – Hvaljarðargöng**

Daglegir viðbragðsaðilar sendir á staðinn samkvæmt verklagi.

Auk þess skal upplýsa:

| Nafn | SMS | Símtal |
|---|---|---|
| Aðgerðastjórn almannavarna höfuðborgarsvæðisins | x | |
| Aðrir /Vegagerðin - Hvalfjarðargöng | x | |
| Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra – Bakvakt | x | |
| Lögregla / 06 FMR / Vegna boðunaráætlana | x | |
| Lögregla / 307 LRH / SMS vaktsími LRH | x | |
| Lögreglan á Vesturlandi – Allir Vesturlandi | x | |
| Lögreglan á Vesturlandi – V/boðunaráætlana | x | |
| Sjúkraflutningar / 31 Akranes/ 31-AR-01 | | |
| Slökkvilið / SHS / 70 | x | |
| Slökkviliðið á Akranesi og Hvalfjarðarsveit – 31-AKR-TÆKJA | x | |

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

## 4.4 NEYÐARSTIG RAUÐUR

**Neyðarlínan 112 boðar samkvæmt beiðni frá viðbragðsaðilum**

**NEYÐARSTIG RAUÐUR - Hvalfjarðargöng**

| Nafn | SMS | Sím |
|---|---|---|
| Almannavarnir / AV Höfuðborgarsvæðis / AST höfuðborgarsvæðið HÓPUR 1 | x | |
| Almannavarnir / AV Höfuðborgarsvæðis / AST höfuðborgarsvæðið HÓPUR 2 | x | |
| Almannavarnir / AV Höfuðborgarsvæðis / AST höfuðborgarsvæðið HÓPUR 3 | x | |
| Almannavarnir / AV Höfuðborgarsvæðis / Samráðshópur áfallahjálpar | x | |
| Almannavarnir / AV Vesturland / Aðgerðarstjórn | x | |
| Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / AVD Bakvaktar starfsmenn | | x |
| Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Hópur 1-Starfsmenn | x | |
| Almannavarnir / AVD Ríkislögreglustjóra / Hópur 2-Áhöfn | x | |
| Björgunarsveitir / 01-ÁRSÆLL-RVK / Heildarútkall | x | |
| Björgunarsveitir / 01-BJSV-HFJ / Heildarútkall | x | |
| Björgunarsveitir / 01-FBSR / Útkall | x | |
| Björgunarsveitir / 01-HSG / Útkall | x | |
| Björgunarsveitir / 01-HSSK / Heildarútkall | x | |
| Björgunarsveitir / 01-HSSR / Útkall | x | |
| Björgunarsveitir / 01-KJÖLUR-KJALARN / Heildarútkall | x | |
| Björgunarsveitir / 01-KYNDILL-MOS / Útkall | x | |
| Björgunarsveitir / 01-SVSTJ / Útkall | x | |
| Björgunarsveitir / 04-BJF-AKR / Útkall | x | |
| Björgunarsveitir / 04-BRÁK-BOR / Útkall | x | |
| Björgunarsveitir / 04-HEIÐAR-VARMALAND / Útkall | x | |
| Björgunarsveitir / 04-OK-REYKHOLT / Útkall | x | |
| Björgunarsveitir / 04-SVSTJ / Útkall | x | |
| Björgunarsveitir / LANDSSTJÓRN / b. útkallshópur | x | |
| Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra – SMS vaktsími og yfirmenn | x | x |
| LHG / Landhelgisgæslan / LHG-Útkallslið LHG | | |
| Læknar / HVE Akranesi / Viðbragsstjórn HVE | | |
| Læknar / LSH Fossvogi / LSH bráðasvið stjórnendur | x | |
| Lögregla / 307 LRH / Aðgerðarstjórn LRH | x | |
| Lögregla / 307 LRH / SMS vaktsímar LRH | | |
| Lögregla / 06 FMR / Vegna boðanaáætlana | | |
| Lögreglan á Vesturlandi – Allir Vesturlandi | x | |
| Lögreglan á vesturlandi – V / boðunaráætlanna | x | |
| Neyðarnefnd Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu | x | |
| Rauði krossinn á Akranesi | x | |
| Rauði krossinn í Borgarfirði | x | |
| Sjúkraflutningar / 31 Akranes / 31-AKR-01 | x | |
| Sjúkraflutningar / 32 Borgarnes / 32-BOR-01 | | |
| Slökkvilið / SHS / 70 | x | |
| Slökkviliðið á Akranesi og Hvalfjarðarsveit – 31-AKR-TÆKJA | x | |
| Aðrir / Vegagerðin - Hvalfjarðargöng | x | |

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

# 5.0 Stjórnkerfi

## 5.1 Grunneiningar, hlutverk og tengingar



## 5.2 Aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins

Áætlun þessi tekur bæði til daglegra viðbragða, grænt og gult umfang og almannavarnaástands, rautt umfang.

Á grænu og gulu kemur aðgerðastjóri úr röðun lögreglu eða slökkviliðsins, eftir eðli atburðar og samkvæmt gildandi lögreglulögum og lögum um brunavarnir.

Viðkomandi skal hafa þekkingu og reynslu af aðgerðastjórnun, þekkingu á áætlun þessari og aðstæðum í Hvalfjarðargöngum, auk þekkingar og reynslu af þeim verkefnum sem verið er að takast á við.

Í gulu og rauðu þ.e. í almannavarnaástandi er yfirstjórn aðgerða að sunnanverðum göngum á ábyrgð lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins. Hann getur skipað aðgerðastjórn (AST) í samvinnu við almannavarnanefnd.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu annast lögsögu í Hvalfjarðargöngum að nyrðri enda þeirra (miðast við gjaldskýli). Þar tekur við lögsaga lögreglustjórans á Vesturlandi. Þetta var ákveðið í upphafi af hagkvæmnisástæðum þrátt fyrir þá staðreynd að mörk lögsagnarumdæma lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórans á Vesturlandi eru í miðjum Hvalfjarðargöngum. LRH er með samning við lögreglustjórann á Vesturlandi um gagnkvæma aðstoð. Lögreglan á Vesturlandi er kölluð á staðinn til jafns við LRH þegar lögregla er kölluð að Hvalfjarðargöngum.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Slökkvilið Akranes eru með svæðamörkin í miðjum göngum. Ákveðið hefur verið að aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins fari með aðgerðastjórn fyrir göngin í heild sinni f.h. slökkviliðana, í samræmi við lögregluumdæmin, en bæði slökkviliðin er kölluð út til jafns við atburði í göngunum.

Fjarskiptamiðstöð lögreglu - FMR skipuleggur fyrstu viðbrögð lögreglu.

**Aðgerðastjórn er þannig skipuð:**

- Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins eða staðgengill hans, aðgerðastjóri
- Fulltrúi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins
- Fulltrúi heilbrigðisstofnunar
- Fulltrúi svæðisstjórnar björgunarsveita
- Fulltrúi Rauða kross deildar

**Aðgerðastjórn skal huga að starfsliði til að sinna eftirtöldum verkefnum:**

- Símsvörun
- Skráningum, almennri ritvinnslu og meðferð upplýsinga
- Fjarskiptum

**Helstu hlutverk aðgerðastjórnar:**

- Stjórn og samræming heildaraðgerða innan aðgerðasvæðisins
- Virkjun starfseininga innan umdæmis
- Yfirstjórn og bakland vettvangsstjórnar
- Tengsl við samhæfingarstöð/björgunarmiðstöð
- Tryggja samskipti við söfnunarsvæði aðstandenda
- Tryggja samskipti við fjölmiðla í samráði við hlutaðeigandi aðila
- Yfirfæra vettvanginn til Rannsóknarnefndar umferðarslysa

**Aðsetur aðgerðastjórnar:**

Björgunarmiðstöðin Skógarhlið, aðstaða AST 1.h.

## 5.3 Verkþáttaskipurit fyrir aðgerðastjórn



## 5.4 Vettvangsstjórn

Á grænu og gulu gildir eftirfarandi:

Sé um minniháttar atburð að ræða þar sem viðbragðsaðilar fara inn í göngin skulu þeir hafa með sér reglubundið samráð á vettvangi. Sé eðli atburðar þannig að stjórnun þurfi að fara fram utanfrá, er æskilegt að sett verði upp vettvangsstjórn, eftir þörfum við báða enda gangnanna. Við stærri atburði skal setja upp vettvangsstjórnir báðu megin.

Á grænu og gulu þá er vettvangsstjóri frá lögreglu eða slökkviliði eftir eðli atburðarins. Viðkomandi skal hafa þekkingu og reynslu af vettvangsstjórnun, þekkingu á áætlun þessari og aðstæðum í Hvalfjarðargöngum, auk þekkingar og reynslu af þeim verkefnum sem verið er að takast á við.

Á gulu og rauðu þ.e. í almannavarnaástandi kemur vettvangsstjóri að jafnaði úr röðum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.. Hann skal hafa þjálfun og reynslu af vettvangsstjórn, sé þess kostur.

Vettvangsstjórn 1 vegna slyss í Hvalfjarðargöngum er skipuð fulltrúum frá:

- Lögregla höfuðborgarsvæðisins.
- Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar / SHS.
- Svæðisstjórn björgunarsveita – svæði 1.

SHS mannar vettvangsstjórn 1 þar til Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar getur tekið við.

Vettvangsstjóri skal skipta verkefnum milli aðila í vettvangsstjórn eftir aðstæðum hverju sinni.

Vettvangsstjórn 2 vegna slyss í Hvalfjarðargöngum er skipuð fulltrúum frá:

- Lögregla höfuðborgarsvæðisins / Lögreglan á Vesturlandi
- Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar.
- Svæðisstjórn björgunarsveita – svæði 4.

Lögreglan á Vesturlandi mannar vettvangsstjórn 2 þar til LRH getur tekið við.

Vettvangsstjóri skal skipta verkefnum milli aðila í vettvangsstjórn eftir aðstæðum hverju sinni.

**Vettvangsstjórn skal skipa fólk í skráningu, fjarskipti og önnur störf eftir þörfum.**

Mikilvæg verkefni vettvangsstjórnar

- Heildarstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi í samræmi við verkþáttaskipuritið SÁBF skv. umboði lögreglustjóra.
- Sá sem er skipaður í ***Framkvæmd*** (sbr. Skipurit 5.3)skal vera í fjarskiptasambandi við verkþáttastjórana (sjá næsta kafla) og helst vera hreyfanlegur (hafa bíl til umráða til þess að fara á milli vettvangsstjórnarinnar og hinna ýmsu starfssvæða).
- Skipulagning fjarskipta á vettvangi.
- Að tryggja fjarskipti við aðgerðastjórn.

**Aðsetur vettvangsstjórnar**

Aðalaðsetur: Ákvörðun vettvangsstjóra

Varaaðsetur: Ákvörðun vettvangsstjóra

**Merkja skal vettvangsstjórnarbílinn tryggilega með segulmerki eða fána VST.**

## 5.5 Verkþáttastjórar og hlutverk þeirra á vettvangi

Á hverju starfssvæði og við hvern verkþátt starfa margar verkeiningar eða starfsstéttir. Nauðsynlegt er að samhæfa störf þeirra og er það hlutverk verkþáttastjóranna en þeir eru millistjórnendur sem stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í umboði vettvangsstjóra.

| Verkþáttastjórar | Aðilar sem skipa verkþáttastjóra | Vinnusvæði |
|---|---|---|
| **Björgunarstjóri** | **SAH / SHS** | **Við slysstað** |
| **Alhlynningarstjóri** | **Greiningasveit LSH / HVE Akranesi** | **Við slysstað** |
| **Gæslustjóri** | **Lögreglan LRH / Vesturlandi** | **Hreyfanlegur** |
| **Flutningastjóri** | **Svæðisstjórn svæði 1 / 4 / SHS** | **Hreyfanlegur** |

**Fyrstu verk allra verkþáttastjóra eru að:**

- Hafa samband við vettvangsstjórn og fá fyrirmæli.
- Fá yfirsýn yfir bjargir (mannskap og tæki) sem koma og meta hvort þær nægja.
- Skipa undirstjórnendur og útdeila verkefnum.

**Björgunarstjóri** stjórnar og samhæfir starfsemi í eða við slysstað, þ.á.m. slökkvistörf, björgun úr flaki, burð þolenda frá flaki að bráðaflokkunarsvæði og bráðaflokkun. Verkefni Björgunarstjóra eru:

- **Leit**: Finna og staðsetja þolendur
- **Bráðaflokkun**: Forgangsraða áður en flutt er frá innri lokun.
- **Björgun**: Úr lokuðum rýmum, undan fargi eða öðrum stað.
- **Slökkvistarf**: Stöðva eða hindra útbreiðslu elds.
- **Viðbrögð við mengun**: Hindra útbreiðslu / hreinsa upp.

**Aðhlynningarstjóri** stjórnar og samhæfir starfsemi á söfnunarsvæði slasaðra. Fyrsta verk aðhlynningarstjóra er að undirbúa móttöku á þolendum frá slysstað. Verkefni Aðhlynningarstjóra:

- **Áverkamat**: Með tilliti til flutnings. Hreyfanlegt. Greina ástand og skrá þolendur.
- **Meðferð**: Til að tryggja öryggi þolenda fram að og við flutning.
- **Forgangsröðun**: Hverja á að flytja, hvert, hvenær, með hverskonar tæki og hvaða meðferð á að veita.

**Gæslustjóri** stjórnar og samhæfir umferðarstjórn á vettvangi og verndun og gæslu allra starfssvæða á vettvangi. Verkefni Gæslustjóra:

- **Lokun svæða**: Innri lokun, slysstaður og hættusvæði, Ytri lokun, vettvangurinn.
- **Verndun svæða**: Vettvangur og einstök starfssvæði, verndun látinna, verndun rannsóknarvettvangs, gæsla á lendingarsvæðum, verndun á öðrum starfssvæðum.
- **Umferðarskipulag**: Skipulag umferðar innan innri lokunar, lokanir og almenn umferð
- **Talning**: Talning og flæði þolenda.

**Flutningastjóri** stjórnar og samhæfir starfsemi á móttökustað, biðsvæðum og nýtingu flutningatækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd sjúkraflutninga og flutningi á óslösuðum. Verkefni Flutningastjóra:

- **Móttaka**: Skráir inn í aðgerðina allar bjargir. (Bjargir mæta á MÓT nema annað sé tekið fram)
- **Biðsvæði**: Biðsvæði hjálparliðs (BH). Biðsvæði flutningstækja (BF). Biðsvæði tækja og búnaðar (BTB).
- **Flutningstæki**: Heildaryfirlit (hvað, hvar, hvenær). Tæknileg framkvæmd.

**Undirstjórnendur/aðstoðarmenn** vinna undir verkþáttastjórum við stjórnun á ákveðnum verkefnum eða vinnusvæðum. Þeir stýra ákveðnum hóp björgunarmanna. Helstu verkefni undirstjórnanda:

- Aðstoðamaður verkþáttastjóra, skyggir verkþáttastjóra í aðgerð og sér um fjarskipti
- Stjórnar hóp björgunarmann við ákveðin verkefni eða vinnusvæði

## 5.6 Verkþáttaskipurit fyrir vettvangsstjórn



## 5.7 Samhæfingarstöðin

- Heldur uppi virku sambandi við aðgerðastjórn.
- Skipuleggur stuðning við aðgerðastjórn og útvegar bjargir utan umdæmis skv. beiðni hverju sinni.
- Skipuleggur og stjórnar flutningi slasaðra milli umdæma.
- Sér um heildarsamræmingu aðgerða á milli umdæma sem m.a. felst í að halda uppi virku sambandi við:
  - höfuðstöðvar þeirra viðbragðsaðila sem eru við störf.
  - fjöldahjálparstöðvar sem virkjaðar eru utan umdæmis.
  - sjúkrahús sem taka á móti slösuðum.
  - þær ríkisstofnanir sem veita aðstoð.
  - erlendar björgunarmiðstöðvar, eftir þörfum.

## 5.8 Spölur

Vakt er í gjaldskýli Hvalfjarðarganga allan sólarhringinn. Tveir eru á vakt í 16 tíma (kl. 7:30-23:30) en einn í 8 tíma (23:30-7:30).

Vaktmenn fylgjast með öryggismyndavélum og mengunarmælum um hvers kyns viðvaranir sem kunna að berast frá eftirlitskerfi ganganna. Þeir geta komið skilaboðum til vegfarenda í göngunum með því að rjúfa dagskrár Rásar 1 og 2 í Ríkisútvarpinu og Bylgjunnar.

Gjaldskýlið er aldrei mannlaust. Vaktmaður fer því aðeins til aðstoðar í göngunum að tveir séu á vakt þá stundina og ófrávíkjanleg regla er að viðkomandi hafi alltaf Tetra-talstöð meðferðis.

Tetra-stöðvar eru í gjaldskýlinu sjálfu, í þjónustubíl Spalar og hjá öryggisfulltrúa félagsins.

Meitill ehf. annast viðhald og viðgerðir á tæknibúnaði ganganna og gegnir þeim skyldum sínum hvenær sem er sólarhrings.

**Hlutverk vaktmanna í gjaldskýli í viðbragðsáætluninni**

- Loka göngunum (rautt ljós, slá yfir akreinar).
- Slá út blásara og CO-stýringu.
- Kalla eftir aðstoð Neyðarlínunnar og/eða viðgerðarmönnum frá Meitli ehf.
- Miðla eftir atvikum upplýsingum til Neyðarlínunnar, slökkviliðs eða lögreglu (eðli slyss, áætlun staðsetning, fjöldi bíla í göngunum, stefna loftstraums osfrv.).
- Senda vaktmann til aðstoðar í göngunum ef óhætt þykir vegna aðstæða á vettvangi og **ef tveir eru á vakt samtímis í gjaldskýlinu**.
- Reyna að hafa tal af vegfarendum sem koma að gjaldskýli upp úr göngunum til að fá gleggri upplýsingar um slys eða óhapp og koma viðkomandi í beint samband við Neyðarlínuna eða slökkvilið ef unnt er til að unnt sé að fá gleggri mynd af því sem hefur gerst eða er að gerast

## 5.9 Fjölmiðlar

Ef Hvalfjarðargöngum er lokað af einhverjum ástæðum er það hlutverk lögreglunnar, samkvæmt viðbúnaðaráætluninni, að tilkynna fjölmiðlum um lokunina og koma þannig skilaboðum áleiðis til vegfarenda/almennings.

Ef hættuástand skapast má gera ráð fyrir að fjölmiðlafólk leiti strax eftir fréttum hjá lögreglu og slökkviliði um atburðinn sjálfan, umfang hans og aðgerðir á vettvangi. Þetta er eðli máls samkvæmt.

Spölur mun leitast við að miðla sem skjótast og best upplýsingum til fjölmiðla/almennings ef viðbúnaðarástand skapast í Hvalfjarðargöngum.

Almannatengslaráðgjafi Spalar hefur það hlutverk að samhæfa upplýsingamiðlun félagsins í samráði við stjórnendur og eftir atvikum í samráði við lögreglu, slökkvilið og aðra sem málið kann að varða hverju sinni.

**Helstu verkefni:**

Eins fljótt og auðið er skal **Aðgerðastjórn** (eða lögregla sé AST ekki virkjuð) senda fréttatilkynningu til fjölmiðla og síðan reglulega eftir því sem þurfa þykir.

Tilnefna skal einn tengilið við fjölmiðla.

Ákvarða skal fasta tíma til að senda út upplýsingar um stöðu mála.

Sé þess kostur skal ákveða stað við vettvang þangað sem fjölmiðlar geta komið og fengið upplýsingar og til myndatöku ef hægt er.

**Upplýsingar um afdrif þolenda:**

Upplýsingar um afdrif þeirra, sem lenda í hópslysi, eru á ábyrgð lögreglustjóra og skulu ekki veittar fjölmiðlum nema með vitund og samþykki eftirtalinna eftir því sem við á:

- Lögreglustjóra
- Slökkviliðsstjóra

## 5.10 Rannsókn vettvangs

Mikilvægt er að allir, sem starfa á vettvangi, gæti þess að spilla ekki ummerkjum vegna rannsóknar. Rannsókn vettvangs er tvíþætt. Annars vegar er rannsókn Rannsóknarnefndar umferðarslysa (RNU) sem lýtur að því að upplýsa orsök umferðarslyss. Hins vegar er rannsókn lögreglunnar sem lýtur að því að upplýsa tildrög atburðar, hvað gerðist og hvort um refsvert athæfi geti verið að ræða.

- Rannsókn getur hafist samhliða björgunaraðgerðum
- RNSA og rannsóknarlögreglumenn skulu setja sig í samband við vettvangsstjóra
- Tæknideild LRH og rannsóknarlögreglumenn frá lögreglustöð 4, strax boðaðir

## 6.0 Starfssvæði

Í þessum kafla er fjallað um starfssvæðin sem þarf að skipuleggja þegar tekist er á við hópslys. Það er ljóst að ef ekki er um að ræða slys, þar sem margir eru slasaðir, mun ekki verða þörf á að virkja öll starfssvæðin. Engu að síður þarf að gera ráð fyrir þeim í skipulaginu og frekar að virkja þau frá upphafi og síðan að loka þeim ef ekki reynist þörf fyrir þau en að ætla að ákveða í miðri aðgerð hvað á að virkja og hvað ekki.

Einnig er hér fjallað um verkefni og lokanir sem ekki er hægt að setja niður sem ákveðið starfssvæði.

Starfsvæðum má skipta í tvo megin flokka: Söfnunarsvæði sem ætluð eru þolendum óhappsins og biðsvæði sem ætluð eru þeim björgum er bíða eftir verkefnum eða hafa lokið sínum verkefnum og bíða eftir því að verkefninu ljúki. Um nánari skilgreiningar á starfssvæðum og verkefnum, sem nefnd eru í þessum kafla, vísast til vettvangsstjórnarheftis almannavarna.



Söfnunarsvæði fyrir þolendur

- Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)
- Söfnunarsvæði látinna (SSL)
- Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)



Biðsvæði fyrir bjargir

- Biðsvæði hjálparliðs (BH)
- Biðsvæði tækja & búnaðar (BTB)

## 6.1 Móttökustaður bjarga (MÓT)

**Starfsemi** Staður þar sem bjargir tilkynna sig til skráningar inn á svæðið í verkefni, ýmist með því að mæta á staðinn eða tilkynna sig gegnum fjarskipti og fá staðfestingu á ákvörðunarstað.

**Staðsetning suður** 1) Á bifreiðastæði við Blikdalsá.

2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða flutningastjóra.

**Staðsetning norður** 1) Á bifreiðastæði ofan við gjaldskýli.

2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða flutningastjóra.

**Verkþáttastjóri** **Flutningastjóri.**

**Hverjir sinna** Lögregla.

Svæðisstjórn björgunarsveita - svæði 1 og svæði 4.

**Kortatákn**




## 6.2 Biðsvæði á vettvangi (BF, BH og BTB)

**Starfsemi** Staðir sem bjargir bíða á þangað til þeim hefur verið úthlutað í verkefni eða á meðan þær eru í hvíld. Þaðan eru bjargir sendar í verkefni samkvæmt fyrirmælum vettvangsstjóra. Halda þarf skrá um allar bjargir í samvinnu við **móttöku**. Biðsvæði geta verið innan eða utan við ytri lokun (innri eða ytri biðsvæði).

**Staðsetning suður** 1) Á bifreiðastæði við Blikdalsá

2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða flutningastjóra.

**Staðsetning norður** 1) Á bifreiðastæði ofan við gjaldskýli

2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða flutningastjóra.

**Verkþáttastjóri** **Flutningastjóri**

**Hverjir sinna** **Lögregla**

Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 1 og svæði 4

**Kortatákn**

Biðsvæði Flutningstækja




Biðsvæði hjálparliðs




Biðsvæði tækja og búnaðar



## 6.3 Slysstaður og næsta nágrenni (SLY)

| | |
|---|---|
| **Starfsemi** | Björgun fólks úr hættu, bráðaflokkun, umönnun og undirbúningur fyrir flutning á söfnunarsvæði slasaðra til frekari greiningar og skráningar, slökkvistörf og eldvarnir, mengunarvarnir, leit umhverfis flakið og hreinsunarstörf. |
| **Staðsetning** | Slystaður og næsta nágrenni, afmarkast oft af innri lokun. |
| **Verkþáttastjóri** | **Björgunarstjóri** |
| **Aðrir stjórnendur** | Þegar yfirmaður greiningarsveitar LSH og heilsugæslu Akraness mætir á slysstað gefur hann sig fram við björgunarstjóra og tekur við stjórnun á bráðaflokkun og forgangsröðun vegna flutnings á söfnunarsvæði slasaðra **SSS**. |
| **Hverjir sinna** | **Slökkvilið.**<br>Lögregla.<br>Greiningarsveit.<br>Björgunarsveitir. |
| **Kortatákn** | **SLY** |

## 6.4 Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

| | |
|---|---|
| **Starfsemi** | Staður sem slösuðum er safnað á til greiningar, skráningar, umönnunar og forgangsröðunar til flutnings. Þar fer einnig fram hleðsla og afhleðsla sjúkrabifreiða. Gefa þarf fyrirmæli um ákvörðunarstað og eftirlit með flutningi og koma á fjarskiptasambandi við slysstað og sjúkrahús. |
| **Staðsetning suður** | Kjalarnes, Klébergsskóli (Til vara samkvæmt ákvörðun aðhlynningarstjóra í samráði við VST) |
| **Staðsetning norður** | Akranes, sjúkrahúsið (Til vara samkvæmt ákvörðun aðhlynningarstjóra í samráði við VST) |
| **Verkþáttastjóri** | **Aðhlynningarstjóri** |
| **Aðrir stjórnendur** | Yfirmaður greiningarsveitar stjórnar greiningu, læknisfræðilegri meðferð og forgangsröðun á söfnunarsvæði slasaðra SSS. |
| **Hverjir sinna** | **Greiningarsveit.**<br>Sjúkraflutningamenn<br>Sjúkraflokkar björgunarsveita. |
| **Kortatákn** | **SSS** |

## 6.6 Söfnunarsvæði látinna (SSL)

**Starfsemi**
Staður þar sem líkum eða líkamshlutum er safnað, kennsl, skráning og skýrslugerð fer fram.

**Staðsetning suður**
1) Saurbæjarkirkja.

2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða gæslustjóra.

**Staðsetning norður**
1) Bifreiðastæði ofan við gjaldskýli.

2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða gæslustjóra.

**Verkþáttastjóri**
**Gæslustjóri**

**Hverjir sinna**
**Lögregla**

Björgunarsveitir

**Kortatákn**
**SSL**

## 6.7 Gæslustörf á vettvangi

**Starfsemi**
Lokun svæða fyrir umferð, verndun vettvangs og gæsla eftir þörfum á starfssvæðum og biðsvæðum, skipulagning á umferðarstjórn og umsjón með **söfnunarsvæði látinna**.

**Verkþáttastjóri**
**Gæslustjóri.**

**Ytri lokun**
Akstursleið um Hvalfjarðargöng er á þjóðvegi nr. 1 en um þjóðveg nr. 47 (Hvalfjarðarveg) ef göngin eru lokuð.

Hægt er að setja upp lokanir:

**1)** að sunnanverðu - Vesturlandsvegur/Hvalfjarðarvegur,

**2)** að norðanverðu - Vesturlandsvegur/Hvalfjarðarvegur,

**3)** Akranesvegur/Innnesvegur,

**4)** Akranesvegur/Akrafjallsvegur.

**Innri lokun**
Innri lokun miðast við að afmarka slysstað og starfssvæði sem eru í notkun. Nánar útfært af vettvangsstjóra og gæslustjóra

**Umferð á vettvangi**
Þar sem við á getur þurft að stýra umferð viðbragðsaðila um vettvang innan ytri og innri lokana. Gæslustjóri sér um að setja upp umferðarskipulag á vettvangi.

**Hverjir sinna**
**Lögregla**

Björgunarsveitir

**Kortatákn**

Innri lokun

**IL**

Afmarkar þau svæði sem eru algjörlega lokuð öðrum en þeim sem sinna neyðarþjónustu.

Ytri lokun

**YL**

Afmarkar umráða- og starfssvæði vettvangsstjórnar.

## 6.8 Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

**Starfsemi** Staður þar sem aðstandendum er safnað saman til upplýsingamiðlunar, skráningar, huggunar og stuðnings. Sameining aðstandenda og þeirra þolenda sem ekki þurfa að vera á sjúkrastofnun.

**Staðsetning suður** Klébergsskóli, Kjalarnesi

**Staðsetning norður** Brekkubæjarskóla á Akranesi.

**Verkþáttastjóri** Þetta starfssvæði fellur ekki undir vettvangsstjórn heldur aðgerðastjórn.

**Aðrir stjórnendur** Yfirmaður neyðarnefndar Rauða kross deildar stjórnar starfsemi á SSA.

**Hverjir sinna** **Rauði krossinn**

Prestar

Heilbrigðisstofnun

Áfallahjálparteymi

**Kortatákn** SSA

## 6.9 Talning/Skráning

**Starfsemi** Talning og staðsetning þolenda í slysinu. Yfirsýn um hvar þolendur eru á hverjum tíma. Gæslustjóri eða fulltrúi hans sér um að taka saman tölur frá talningarpóstum og upplýsa VST um fjölda og staðsetningu.

**Staðsetning** Talið við slysstað, inn og út af söfnunarsvæðum. Talið við flutning út fyrir YL og afrifa skilin eftir.

**Verkþáttarstjóri** **Gæslustjóri.**

**Hverjir sinna** Lögreglan

Björgunarsveitir

**Kortatákn** TALNING

**Á slysstað**
Bráðaflokkun. Í því kerfi eru þolendur taldir eftir bráðaflokkun og gefur þetta fyrstu upplýsingar um ástand þolenda á slysstað.

**Á söfnunarsvæði slasaðra og á söfnunarsvæði látinna**
Þar er talið inn og út af svæðinu.

**Talningarblað – sjá viðauka í 13. kafla.**

# 7.0 Eldur í göngum / hættuleg efni

## Viðbrögð slökkviliðs vegna elds/hættulegra efna í göngunum

Í öllum tilvikum bruna skal kalla út bæði Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar stjórnar slökkvistarfinu en getur falið Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins stjórnina ef svo ber undir, samanber 3. grein samnings um gagnkvæma aðstoð vegna útkalls slökkviliða í Hvalfjarðargöngum.

## Slökkvistarf

Ákaflega erfitt er að setja fram skýrar reglur um hvernig bregðast skuli við eldi eða leka hættulegra efna í jarðgöngum því óvissuþættir eru margir og aðstæður geta verið mismunandi. Upplýsingar eru oft takmarkaðar, aðkoma til björgunarstarfs er eðlilega mjög erfið og vindur í göngunum getur flækt málið enn frekar.

Nauðsynlegt er að stjórnandinn hafi eitthvað að styðjast við þegar hann ákveður hvernig staðið skuli að björgunarstarfi. Eftirfarandi texti miðar að því.

**Eldur**

Eldur í göngunum miðast við þrjú stig og að reykur færist annað hvort til suðurs eða norðurs.

Skilningur á þessum dæmum gerir Björgunarstjóra mögulegt að taka upplýstari ákvörðun um aðferðir í samræmi við þá vitneskju sem fyrir liggur hverju sinni.

**Stig 1:** Bruni í fólksbíl, litlum sendibíl, jeppa eða tveimur fólksbílum sem brenna eftir árekstur.

Bruninn er allt að 8 MV og getur verið erfiður viðureignar en ekki óviðráðanlegur

**Stig 2:** Bruni í fólksflutninga- eða vöruflutningabíl.

Bruni sem er yfir 8 MV er krefst meira vatnsmagns en slökkvibílar bera með sér á vettvang. Slíkur eldur er talinn mjög erfiður og jafnvel óviðráðanlegur.

**Stig 3:** Bruni í olíuflutningabíl eða vöruflutningabíl með eldfimum efnum eða mjög miklu brunaálagi.

Sé orðinn mikill eldur í slíkum farartækjum er hann nær óviðráðanlegur fyrir slökkviliðin í dag.

Í öllum tilfellum verður mesta áherslan lögð á að bjarga fólki sem lokast hefur inní göngunum. Til þess að það takist verður að skipuleggja aðgerðir og ákveða hvenær rétti tíminn sé til að setja blásara í gang.

Við að setja blásara í gang áður en eldur hefur verið slökktur getur magnað eld og reyk og jafnframt gert flótta undan reyknum ómögulegan. Að sama skapi getur verið rétt að setja blásarana í gang til að tryggja öryggi þeirra sem eru að slökkva eldinn. Mat á þessu er hjá Björgunarstjóra.

**SETJIÐ ALDREI BLÁSARA Í GANG ÁN FYRIRMÆLA FRÁ BJÖRGUNARSTJÓRA.**

Í öllum tilfellum bruna í göngunum kemur SHS til aðstoðar við Slökkviliði Akraness mismikið eftir umfangi frá einum dælubíl í það að mannskapur er ferjaður með þyrlum að norðurmunna.

## Hættuleg efni

Mikið af hættulegum efnum er flutt í gegnum jarðgöng hér á landi. Mest er þar um að ræða olíur og bensín í sérstökum tankbílum en einnig fara hundruð tonna af sýrum, bösum og öðrum hættulegum efnum í minna mæli um göngin í flutningabílum. Sé minnsti grunur um að við óhapp í göngunum, hafi hættuleg efni lekið út eða séu í farartækinu, skal loka göngunum og rýma eins fljótt og hægt er.

Bráðahætta af mörgum slíkum efnum er jafn hættuleg ef ekki hættulegri en af eldsvoða þar sem banvænar eiturgufur geta borist ósjáanlegar undan vindi og fólk varar sig því ekki á þeim.

Vinna við björgunarstörf þar sem eru eiturefni tekur alltaf langan tíma ef öryggi björgunaraðila á að vera tryggt. Bæði tekur langan tíma að undirbúa og hefja aðgerðir sem og verður að vinna allt hægt og örugglega. Ekki er t.d. ólíklegt að fólki sem hefur orðið fyrir mengun og hefur verið bjargað út þurfi sérstaka „skolun“ áður en haldið er á sjúkrahús með það. Uppsetning á slíkum skolunarstöðvum tekur alltaf nokkurn tíma. Ef ekki er vitað hvaða eiturefni er að leka út, er það alltaf tekið sem **„hættulegasta efni í heimi“** þar til annað kemur í ljós.

# 8.0 HLUTVERK VIÐBRAGÐSAÐILA

Í þessum kafla er verkefnum þeirra, sem skyldum hafa að gegna í viðbragðsáætluninni fyrir Hvalfjarðargöng, gerð skil. Nauðsynlegt er að allir þekki og skilji sín verkefni. Allir aðilar,sem hér hafa hlutverk, skulu útbúa gátlista byggða á þessum verkefnum.


8.1 Neyðarlínan 112 ..... 30
8.2 Gjaldskýli ..... 31
8.3 Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar ..... 32
8.4 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins ..... 33
8.5 Landspítalinn ..... 35
8.6 Sjúkrahúsið og heilsugæslan á Akranesi ..... 36
8.7 Rauði kross Akraness ..... 37
8.8 Rauði krossinn á Höfuðborgarsvæðinu ..... 38
8.9 Rauði krossinn í Borgarfirði ..... 39
8.10 Vegagerðin í Reykjavík ..... 40
8.11 Vegagerðin í Borgarnesi ..... 41
8.12 Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar ..... 42
8.13 Landsstjórn ..... 43
8.14 Samhæfingarstöðin ..... 44
8.15 Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ..... 45
8.16 Aðgerðastjórn almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins ..... 46
8.17 Vettvangsstjórn ..... 47
8.18 Landhelgisgæslan, stjórnstöð ..... 48
8.19 Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu ..... 49
8.20 Lögreglan á Vesturlandi, Akranes og Borgarnes ..... 50

## 8.1 Neyðarlínan 112

Upphafstalhópur Blár 1 – 0 , þar til fyrirmæli eru gefin um annað

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

Móttekur tilkynningu um slys í Hvalfjarðargöngum

1. Boðar viðbragðsaðila samkvæmt eðli atviks með hliðsjón af boðunarlista í kafla 4.

**Neyðarstig – Grænn – Hvalfjarðargöng - [lýsing á atburði, líkleg staðsetning]**

**NEYÐARSTIG GULUR**

Móttekur tilkynningu um slys í Hvalfjarðargöngum

1. Boðar viðbragðsaðila samkvæmt eðli atviks með hliðsjón af boðunarlista í kafla 4.

**Neyðarstig – Gulur – Hvalfjarðargöng - [lýsing á atburði, líkleg staðsetning]**

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

Móttekur tilkynningu um slys í Hvalfjarðargöngum

1. Boðar viðbragðsaðila samkvæmt boðunarlista í kafla 4.

**Neyðarstig – Rauður – Hvalfjarðargöng - [lýsing á atburði, líkleg staðsetning]**

2. Mannar borð 112 í SST.

## 8.2 Gjaldskýli

Upphafstalhópur Blár 1 – 0 , þar til fyrirmæli eru gefin um annað

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

**Hefur samband við**

- ☐ Neyðarlínuna ef boð berast frá öðrum.

**Viðbrögð/aðgerðir**

- ☐ Lokar göngunum ef talin þörf á því.
- ☐ Lætur vegfarendur í göngunum vita með útvarpstilkynningu ef slysið raskar umferð eða hætta er talin búin öðrum vegfarendum.
- ☐ Aðstoðar eftir atvikum björgunarlið og vegfarendur.

**Ófrávíkjanlegt skilyrði er að starfsmaður Spalar hafi alltaf Tetra-talstöð meðferðis og að gjaldskýlið sé aldrei skilið eftir mannlaust!**

**NEYÐARSTIG GULUR**

**Hefur samband við**

- ☐ Neyðarlínuna ef boð berast frá öðrum.

**Viðbrögð/aðgerðir**

- ☐ Lokar göngunum.
- ☐ Lætur vegfarendur í göngunum vita með útvarpstilkynningu ef slysið raskar umferð eða hætta er talin búin öðrum vegfarendum.
- ☐ Aðstoðar eftir atvikum björgunarlið og vegfarendur.

**Ófrávíkjanlegt skilyrði er að starfsmaður Spalar hafi alltaf Tetra-talstöð meðferðis og að gjaldskýlið sé aldrei skilið eftir mannlaust!**

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

**Hefur samband við**

- ☐ Neyðarlínuna ef boð berast frá öðrum

**Hlutverk**

- ☐ Lokar göngunum, slær út blásara og CO-stýringu.
- ☐ Miðlar upplýsingum til Neyðarlínunnar og eftir atvikum til lögreglu og slökkviliðs.
- ☐ Aðstoðar á vettvangi eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur.

**Viðbrögð/aðgerðir**

- ☐ Lokar göngunum.
- ☐ Slær út blásara og CO-stýringu.
- ☐ Lætur vegfarendur í göngunum vita með útvarpstilkynningu.
- ☐ Gerir Meitli ehf. viðvart.
- ☐ Aðstoðar eftir atvikum björgunarlið og vegfarendur.

**Ófrávíkjanlegt skilyrði er að starfsmaður Spalar hafi alltaf Tetra-talstöð meðferðis og að gjaldskýlið sé aldrei skilið eftir mannlaust!**

## 8.3 Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Upphafstalhópur Blár 1 – 0 , þar til fyrirmæli eru gefin um annað

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

Hefur ekki hlutverk á Neyðarstigi grænn

**NEYÐARSTIG GULUR**

**Hlutverk**

- ☐ Skipar Björgunarstjóra og samhæfir aðgerðir á slysstað vegna eldsvoða eða slys með eldfim og hættuleg efni.
- ☐ Brunavarnir, björgun, mengunarvarnir og binding eldfimra og hættulegra efna.

**Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar kallar út**

- ☐ einn hóp, tvo hópa eða allt slökkviliðið, allt eftir umfangi slyss/bruna.
- ☐ aðstoð frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS)
- ☐ aðstoð frá Slökkviliði Borgarness ef á þarf að halda.

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

**Hlutverk**

- ☐ Björgunarstjórn og samræming aðgerða á vettvangi vegna eldsvoða eða slys með eldfim og hættuleg efni.
- ☐ Brunavarnir, björgun, mengunarvarnir og binding eldfimra og hættulegra efna.

**Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar kallar út**

- ☐ Heildarútkall á slökkvilið.
- ☐ Aðstoð frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS) aðstoð frá Slökkviliði Borgarness ef á þarf að halda.

## 8.4 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Upphafstalhópur Blár 1 – 0 , þar til fyrirmæli eru gefin um annað

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

**Unnið samkvæmt vinnuferlum SHS varðandi Neyðarstig Grænn í Hvalfjarðargöngum**

**Umferðarslys -** 1-4 menn slasaðir, engir fastir í bílum

- ☐ Sjúkrabílar sendir á vettvang, samræma heildarþörf sjúkrabíla, Athuga hvort þarf að senda sjúkrabílana fyrir fjörð
- ☐ Dælubíll sendur áleiðis til að tryggja öryggi , athuga þörfina ef Akraness sendir dælubíl

**Bruni -** Lítill fólksbíll eða jeppi að brenna, 2,5 - 5 MV, fólk komið út og í öryggi.

- ☐ Dælubíll sendur að suðurmunna, athuga hvort Akranes þarf aðstoð slökkvibíls fyrir fjörð
- ☐ Sjúkrabílar sendir að suðurmunna eða á vettvang fyrir fjörð, samræma heildarþörf sjúkrabíla.

**Eiturefni -** Farmur hefur farið úr lagi, olía, sýra eða önnur hættuleg efni eru í hættu með að leka niður. Efnin eru ekki hættuleg nema við snertingu og/eða mikla þéttni. Ekki þörf á sérstökum eiturefnabúningi.

- ☐ Dælubíll sendur að suðurmunna, athuga hvort Akranes þarf aðstoð slökkvibíls fyrir fjörð
- ☐ Sjúkrabílar sendir að suðurmunna eða á vettvang fyrir fjörð, samræma heildarþörf sjúkrabíla.

**NEYÐARSTIG GULUR**

**Unnið samkvæmt vinnuferlum SHS varðandi Neyðarstig Gulur í Hvalfjarðargöngum**

**Umferðarslys -** 4-9 menn slasaðir, einhverjir fastir í bílum.

- ☐ Sjúkrabílar sendir á vettvang, samræma heildarþörf sjúkrabíla.
- ☐ Dælubíll sendur áleiðis til að tryggja öryggi, samræma aðgerðir með slökkviliði Akraness

**Bruni -** 2-3 fólksbílar eða smárúta að brenna, 8 - 15 MV, ekki allt fólk komið út og í öryggi.

- ☐ Dælubíll með klippubúnaði sendur að suðurmunna, athuga hvort Akranes þarf aðstoð fyrir fjörð.
- ☐ Sjúkrabílar sendir á vettvang, sSamræma heildarþörf sjúkrabíla
- ☐ Athuga með þyrlu til flutnings slökkviliðsmanna og sjúkraflutnings

**Eiturefni -** Olía, bensín, sýrur eða önnur efni hafa lekið niður, eru hættuleg vegna brunahættu, við snertingu og/eða innöndun. Þörf á sérstökum hlífðar og/eða eiturefnabúningum. Fólk hefur komist út úr göngunum.

- ☐ Dælubíll og sérstakur eiturefnabúnaður sendur á vettvang, athuga þarf að fara fyrir fjörð
- ☐ Sjúkrabílar sendir á vettvang, samræma heildarþörf sjúkrabíla
- ☐ Athuga með þyrlu til flutnings slökkviliðsmanna og sjúkraflutnings

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

**Unnið samkvæmt vinnuferlum SHS varðandi Neyðarstig Rauður í Hvalfjarðargöngum**

**Umferðarslys -** 9 menn eða fleiri slasaðir, einhverjir fastir í bílum.

- ☐ Sjúkrabílar sendir á vettvang, samræma heildarþörf sjúkrabíla, athuga hvort þarf að senda sjúkrabíla fyrir fjörð
- ☐ Dælubíll sendur áleiðis til að tryggja öryggi, samræma aðgerðir með slökkviliði Akraness

**Bruni -** Fólksflutningabíll eða hlaðin vöruflutningabifreið að brenna, > 20 MV, Fólk ekki komið út úr göngunum.

- ☐ Dælubíll sendur að suðurmunna

☐ Reykkafarar sendir með þyrlu frá Rvk flugv. að norðurmunna

☐ Sjúkrabílar sendir á vettvang, samræma heildarþörf sjúkrabíla

☐ Sjúkrabílar sendir á vettvang fyrir fjörð – ef þörf er á vegna staðsetningu slyss

**Eiturefni -** Olía, bensín, sýrur eða önnur eiturefni hafa lekið niður, eru hættuleg vegna brunahættu, við snertingu og/eða innöndun. Þörf á sérstökum hlífðar og/eða eiturefnabúningum. Fólk í göngunum.

☐ Dælubíll sendur að suðurmunna

☐ Efnakafarar sækja niður í göngin sunnanverð

☐ Eiturefnabúnaður sendur á vettvang – fyrir fjörð

☐ Efnakafarar sendir með þyrlu frá Rvk. flugv. að norðurmunna

☐ Sjúkrabílar sendir á vettvang, samræma heildarþörf sjúkrabíla.

☐ Sjúkrabílar sendir á vettvang fyrir fjörð ef þarf

## 8.5 Landspítalinn

Upphafstalhópur Blár 1 – 0 , þar til fyrirmæli eru gefin um annað

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

Hefur ekki hlutverk á Neyðarstigi grænn

**NEYÐARSTIG GULUR**

**Viðbrögð/aðgerðir**

- ☐ Virkjun LSH tekur mið að virkjun Hvalfjarðargangna en getur verið breytileg eftir stöðu LSH.

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

**Viðbrögð/aðgerðir**

- ☐ Virkjun LSH tekur mið að virkjun Hvalfjarðargangna en getur verið breytileg eftir stöðu LSH.
- ☐ Sendir greiningarsveit að syðri munna ganganna

## 8.6 Sjúkrahúsið og heilsugæslan á Akranesi

Upphafstalhópur Blár 1 – 0 , þar til fyrirmæli eru gefin um annað

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

Hefur ekki hlutverk á Neyðarstigi grænn

**NEYÐARSTIG GULUR**

**Viðbrögð/aðgerðir**

- ☐ Samkvæmt hópslysaáætlun sjúkrahússins.
- ☐ Viðbragðsstaða eða hópslys, allt eftir útkalli.

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

**Viðbrögð/aðgerðir**

- ☐ Samkvæmt hópslysaáætlun sjúkrahússins.
- ☐ Viðbragðsstaða eða hópslys, allt eftir útkalli.
- ☐ Sendir greiningarsveit að nyrðri munna ganganna eftir hópslysaútkall.

## 8.7 Rauði kross Akraness

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

Hefur ekki hlutverk á Neyðarstigi grænn

**NEYÐARSTIG GULUR**

- ☐ Neyðarnefnd mætir í stjórnstöð deildar.
- ☐ Setur sig í samband við aðgerðastjórn.
- ☐ Opnar fjöldahjálparstöð/SSA í Brekkubæjarskóla á Akranesi
- ☐ Miðlar upplýsingum til aðstandenda/þolenda og fjölmiðla eftir atvikum.

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

- ☐ Neyðarnefnd mætir í stjórnstöð deildar.
- ☐ Setur sig í samband við aðgerðastjórn.
- ☐ Opnar fjöldahjálparstöð/SSA í Brekkubæjarskóla á Akranesi
- ☐ Miðlar upplýsingum til aðstandenda/þolenda og fjölmiðla eftir atvikum.

## 8.8 Rauði krossinn á Höfuðborgarsvæðinu

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

Hefur ekki hlutverk á Neyðarstigi grænn

**NEYÐARSTIG GULUR**

- ☐ Neyðarnefnd mætir í stjórnstöð
- ☐ Sendir fulltrúa í aðgerðastjórn.
- ☐ Opnar SSA/fjöldahjálparstöð í Klébergsskóla.
- ☐ Miðlar upplýsingum til aðstandenda/þolenda og fjölmiðla eftir atvikum.

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

- ☐ Neyðarnefnd mætir í stjórnstöð
- ☐ Sendir fulltrúa í aðgerðastjórn.
- ☐ Opnar SSA/fjöldahjálparstöð í Klébergsskóla.
- ☐ Miðlar upplýsingum til aðstandenda/þolenda og fjölmiðla eftir atvikum.

## 8.9 Rauði krossinn í Borgarfirði

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

Hefur ekki hlutverk á Neyðarstigi grænn

**NEYÐARSTIG GULUR**

- ☐ Sendir fulltrúa í aðgerðastjórn.
- ☐ Mætir í Brekkubæjarskóla á Akranesi til aðstoðar Akranesdeild.
- ☐ Miðlar upplýsingum til aðstandenda/þolenda og fjölmiðla eftir atvikum.

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

- ☐ Sendir fulltrúa í aðgerðastjórn.
- ☐ Mætir í Brekkubæjarskóla á Akranesi til aðstoðar Akranesdeild.
- ☐ Miðlar upplýsingum til aðstandenda/þolenda og fjölmiðla eftir atvikum.

## 8.10 Vegagerðin í Reykjavík

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

Hefur ekki hlutverk á Neyðarstigi grænn

**NEYÐARSTIG GULUR**

- ☐ Hefur samband við Vegagerðina í Borgarnesi.
- ☐ Lokar vegi sunnan ganga með þverslám eða steinum samkvæmt ósk lögreglu.
- ☐ Tvö skilti til taks til uppsetningar við vegamót Þingvallavegar og Hvalfjarðarvegar vegna lokunar til lengri tíma: **Hvalfjarðargöng lokuð**.

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

- ☐ Hefur samband við Vegagerðina í Borgarnesi.
- ☐ Lokar vegi sunnan ganga með þverslám eða steinum samkvæmt ósk lögreglu.
- ☐ Tvö skilti til taks til uppsetningar við vegamót Þingvallavegar og Hvalfjarðarvegar vegna lokunar til lengri tíma: **Hvalfjarðargöng lokuð**.

## 8.11 Vegagerðin í Borgarnesi

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

Hefur ekki hlutverk á Neyðarstigi grænn

**NEYÐARSTIG GULUR**

- ☐ Lokar vegi við Hvalfjarðargöng að norðan með þverslám eða steinum samkvæmt ósk lögreglu.
- ☐ Þrjú skilti til taks til uppsetningar við vegamót Hvalfjarðarvegar, Akrafjallsvegar og Akranesvegar vegna lokunar til lengri tíma: **Hvalfjarðargöng lokuð**.

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

- ☐ Lokar vegi við Hvalfjarðargöng að norðan með þverslám eða steinum samkvæmt ósk lögreglu.
- ☐ Þrjú skilti til taks til uppsetningar við vegamót Hvalfjarðarvegar, Akrafjallsvegar og Akranesvegar vegna lokunar til lengri tíma: **Hvalfjarðargöng lokuð**.

**Ath. Vegagerðin í Borgarnesi er ekki með sólarhringsvakt.**

## 8.12 Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Upphafstalhópur Blár 1 – 0 , þar til fyrirmæli eru gefin um annað

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

Hefur ekki hlutverk á Neyðarstigi grænn

**NEYÐARSTIG GULUR**

Hefur ekki hlutverk á Neyðarstigi gulu.  Valdar bjargir kunna að verða kallaðar út.

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

**Björgunarsveitir á svæði 1 og svæði 4**

- ☐ Mæta í bækistöð
- ☐ Skráning hópa í aðgerðagrunn
- ☐ Hópar sendir á biðsvæði bjarga.

**Aðgerðastjórnendur svæði 1 og svæði 4.**

Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 1

Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 4

- ☐ Svæðisstjórnarmenn mæta í stjórnstöð.
- ☐ Svæðisstjórn á svæði 1 sendir stjórnstöðvarbíl á vettvang, aðsetur vettvangsstjórnar.
- ☐ Fjarskiptamiðstöð látin vita.
- ☐ Svæðisstjórn skipar í stöður samkvæmt SÁBF og vinnur eftir því.
- ☐ Senda 2 menn á vettvangsbíl til að aðstoða í vettvangsstjórn.
- ☐ Svæðisstjórn á svæði 1 sendir fulltrúa í AST

## 8.13 Landsstjórn

Upphafstalhópur Blár 1 – 0 , þar til fyrirmæli eru gefin um annað

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

Hefur ekki hlutverk á Neyðarstigi grænn

**NEYÐARSTIG GULUR**

Hefur ekki hlutverk á Neyðarstig gulur

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

- ☐ Fulltrúi LS mætir í SST
- ☐ Fulltrúi LS tekur þátt í starfi í SST.
- ☐ Vinnur eftir verklagsreglum SST.

## 8.14 Samhæfingarstöðin

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

Hefur ekki hlutverk á Neyðarstigi grænn

**NEYÐARSTIG GULUR**

- ☐ Fylgist með framvindu og veitir leiðbeiningar eftir þörfum.
- ☐ Eftir atvikum þá koma á sambandi við lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, lögreglustjórann á vesturlandi
- ☐ Kanna hvort þörf er á frekari boðun á viðbragðsaðilum af lista gulum.
- ☐ LHG mannar sitt borð
- ☐ SHS mannar sitt borð
- ☐ Landsbjörg mannar sitt borð

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

- ☐ Mannar samhæfingarstöð (Hópar 1 og 2)
- ☐ Kemur á sambandi við lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, í Borgarnesi og á Akranesi
- ☐ Kemur á sambandi við heilbrigðisstofnanir og gjaldskýli Spalar
- ☐ Fylgist með og stjórnar dreifingu slasaðra á heilbrigðisstofnanir
- ☐ Tryggir fullnægjandi virkjun heilbrigðisstofnana vegna móttöku slasaðra
- ☐ Tryggir flutning greiningarsveita frá Reykjavík og Akranesi
- ☐ Skipuleggur og stjórnar flutningi slasaðra milli umdæma ef þörf krefur
- ☐ Skipuleggur framkvæmd sálrænnar skyndihjálpar og áfallahjálpar
- ☐ Fylgist með framvindu og veitir leiðbeiningar eftir þörfum

## 8.15 Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Upphafstalhópur Blár 1 – 0 , þar til fyrirmæli eru gefin um annað

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

Bakvakt AVD fær boð og fylgist með framvindu, tilbúin að aðstoða ef óskað er

**NEYÐARSTIG GULUR**

Bakvakt mætir í samhæfingarstöð og fylgist með framvindu, tilbúin að aðstoða ef óskað er

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

- ☐ Fylgir eftir boðun á SST, hópar 1 og 2
- ☐ Upplýsir ríkislögreglustjóra
- ☐ Starfar samkvæmt innra skipulagi SST

## 8.16 Aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins

Upphafstalhópur Blár 1 – 0 , þar til fyrirmæli eru gefin um annað

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

**Hefur ekki hlutverk á neyðarstigi grænu**

**NEYÐARSTIG GULUR**

**Fá boð og fylgist með framvindu og meta þörf á virkjun AST**

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

- ☐ Virkjar tafarlaust aðgerðastjórnstöð og stjórnar samræmdum aðgerðum skv. 5.2 í viðbragðsáætlun þessari.
- ☐ Opna fjarskiptasamband við Vettvangsstjórn á TETRA
- ☐ Opnar fjarskiptasamband við Samhæfingarstöðina á TETRA
- ☐ Skipar í stöður samvæmt verkþáttarskipuriti SÁBF
- ☐ Tryggir að fjöldahjálparstöðvar séu opnaðar
- ☐ Sjúkraflutningar úr umdæmi í samvinnu við aðhlynningarstjóra og samhæfingarstöð almannavarna.
- ☐ Talning og flæði þolenda.

## 8.17 Vettvangsstjórn

Upphafstalhópur Blár 1 – 0 , þar til fyrirmæli eru gefin um annað

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

**Lögreglan hefur með að gera vettvangsstjórn í hópslysum, samhæfingu á vettvangi, í göngunum sjálfum og að gjaldskýli.**

- ☐ Stjórnar aðgerðum á vettvangi og samhæfir störf viðbragðsaðila
- ☐ Metur þörf á fullri virkjun vettvangsstjórnar

**NEYÐARSTIG GULUR**

**Lögreglan hefur með að gera vettvangsstjórn í hópslysum, samhæfingu á vettvangi, í göngunum sjálfum og að gjaldskýli.**

- ☐ Stjórnar aðgerðum á vettvangi og samhæfir störf viðbragðsaðila
- ☐ Metur þörf á fullri virkjun vettvangsstjórnar

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

**Lögreglan hefur með að gera vettvangsstjórn í hópslysum, samhæfingu á vettvangi, í göngunum sjálfum og að gjaldskýli.**

- ☐ Virkjar tafarlaust vettvangsstjórnstöð og stjórnar aðgerðum á vettvangi skv. 5.4 í viðbragðsáætlum þessari
- ☐ Opnar fjarskiptasamband við aðgerðastjórn á TETRA
- ☐ Opnar fjarskiptasamband við verkþáttastjóra á TETRA
- ☐ Skipar í stöður samkvæmt verkþáttarskipuriti SÁBF

## 8.18 Landhelgisgæslan, stjórnstöð

Upphafstalhópur Blár 1 – 0 , þar til fyrirmæli eru gefin um annað

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

Hefur ekki hlutverk á Neyðarstigi grænn

**NEYÐARSTIG GULUR**

- ☐ Kannar stöðu þyrlna
- ☐ Þyrlur settar í viðbragðsstöðu
- ☐ Mannar starfsstöð LHG í SST

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

- ☐ Sendir þyrlur á slysstað í samráði við SST
- ☐ Mannar starfsstöð LHG í SST

## 8.19 Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Upphafstalhópur Blár 1 – 0 , þar til fyrirmæli eru gefin um annað

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sinnir umferðaróhöppum og öðrum slysum í göngunum og sunnan þeirra á neyðarstigi GRÆNU**

**NEYÐARSTIG GULUR**

**Tilnefnir vettvangsstjóra og gæslustjóra.**

- ☐ Sendir lögreglubifreið á slysa- og bráðadeild LSH Fossvogi , ef óskað er eftir, greiningarsveit að Hvalfjarðargöngum að MÓT.
- ☐ Sendir lögreglubifreiðar við Vesturlandsveg/Hvalfjarðarveg til lokana við Hvalfjarðargöng.
- ☐ Sendir varðstjóra/vettvangsstjóra til að samhæfa aðgerðir á vettvangi og uppsetningu vettvangsstjórnar, ef samhæfingar er þörf
- ☐ Tryggir samband við aðgerðastjórn, ef hún er virkjuð
- ☐ Boða út rannsóknarlögreglumann og tæknideild á vettvang, mat stjórnanda LRH
- ☐ Tryggir að upplýsingar hafi borist fréttamiðlum vegna lokunar gangnanna

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

**Tilnefnir vettvangsstjóra og gæslustjóra.**

- ☐ Sendir lögreglubifreið á slysa- og bráðadeild LSH Fossvogi og flytur greiningarsveit að Hvalfjarðargöngum **að MÓT**
- ☐ Sendir lögreglubifreiðar við Vesturlandsveg/Hvalfjarðarveg til lokana við Hvalfjarðargöng.
- ☐ Sendir varðstjóra/vettvangsstjóra til að samhæfa aðgerðir á vettvangi og uppsetningu vettvangsstjórnar
- ☐ Skipar verkþáttarstjóra samkvæmt SÁBF.
- ☐ Tryggir samband við aðgerðastjórn
- ☐ Hefur samband við lögregluna á Vesturlandi í gegnum TETRA.
- ☐ Sendir strax rannsóknarlögreglumann frá lögreglustöð 4.
- ☐ Sendir strax tæknideildarmann
- ☐ Tryggir að upplýsingar hafi borist fréttamiðlum vegna lokunar gangnanna

## 8.20 Lögreglan á Vesturlandi, Akranes og Borgarnes

Upphafstalhópur Blár 1 – 0 , þar til fyrirmæli eru gefin um annað

**NEYÐARSTIG GRÆNN**

Sinnir verkefnum á neyðastigi grænu samkvæmt fyrirmælum frá FMR

**NEYÐARSTIG GULUR**

**Miðað við ástand:**

Lögreglan á Vesturlandi aðstoðar LRH eftir þörfum samkvæmt samingi þar um.

- ☐ Tilnefnir gæslustjóra norðan gangna.
- ☐ Sendir lögreglubifreið til lokanna við Þjóðveg 1 /Hvalfjarðarveg.
- ☐ Sendir lögreglubifreið til lokana við Hvalfjarðargöng.
- ☐ Uppsetningu umferðarskipulags í samráði við FMR eða VST.
- ☐ Sendir varðstjóra/vettvangsstjóra til að samræma aðgerðir á vettvangi og uppsetningu vettvangsstjórnar þar til LRH tekur við.

**NEYÐARSTIG RAUÐUR**

Lögreglan á Vesturlandi aðstoðar LRH eftir þörfum samkvæmt samingi þar um.

- ☐ Tilnefnir gæslustjóra norðan gangna.
- ☐ Sendir lögreglubifreið til lokanna við Þjóðveg 1 /Hvalfjarðarveg.
- ☐ Sendir lögreglubifreið til lokana við Hvalfjarðargöng.
- ☐ Uppsetningu umferðarskipulags í samráði við FMR eða VST.
- ☐ Sendir varðstjóra/vettvangsstjóra til að samræma aðgerðir á vettvangi og uppsetningu vettvangsstjórnar þar til LRH tekur við.

# 9.0 Fjarskiptaskipulag

## Grunnskipulag fjarskipta

Neyðarlínan og FMR tryggja boðun og koma upplýsingum til bjarga á leið á vettvang á **TETRA talhóp BLÁR 1 - 0**

**Í upphafi tilkynna allir viðbragðsaðilar sem eru á leið á vettvang sig inn á BLÁR 1 – 0 og eru á þeim talhóp þar til fyrirmæli eru gefin um annað.**

Fjarskipti milli helstu stjórneininga eru sem hér segir (sjá skipurit):

- Samhæfingarstöðin og Aðgerðastjórn eru með sín samskipti á **SST - BLÁR**
- Aðgerðastjórn - Vettvangsstjórn **TETRA AST - 1**
- Vettvangsstjórn – og Verkþáttastjórar **TETRA VST - 1**
- **Verkþáttastjórar og þeirra verkþættir nota talhópa:**
- Björgunarstjóri TETRA **BLÁR 1 - 1**
- Aðhlynningarstjóri TETRA **BLÁR 1 - 2**
- Gæslustjóri TETRA **BLÁR 1 - 3**
- **F**lutningastjóri TETRA **BLÁR 1 – 4**
- Innbyrðis fjarskipti innan einstakra verkþátta ákvarðast eftir aðstæðum (TETRA og VHF)
- Aðhlynningarstjóri er í sambandi við AST, SST, LSH og SVE varðandi sjúkraflutninga á **BLÁR 1 – 5** eftir því sem við á (SST getur fært verkefnið á annan talhóp ef álag gefur tilefni til)

Rauði kross Íslands (fjöldahjálparstöð / SSA ) er í sambandi við AST / SST á TETRA BLÁR 1 - 6

Mynd af grunnskipulagi fjarskipta.



## 9.2 Fjarskipti sundurliðuð




Aðhlynningarstjóri
VST - 1
Blár 1 - 5
LSH
SST
AST
VST
SPÖLUR
Björgunarstjóri
Aðhlynningarstjóri
Gæslustjóri
Flutningastjóri
Vinnurásir
Blár 1 - 2


Gæslustjóri
VST - 1
VST
SPÖLUR
Björgunarstjóri
Aðhlynningarstjóri
Gæslustjóri
Flutningastjóri
Vinnurásir
Blár 1 - 3


Flutningastjóri
VST - 1
VST
SPÖLUR
Björgunarstjóri
Aðhlynningarstjóri
Gæslustjóri
Flutningastjóri
Vinnurásir
Blár 1 - 3

# 10.0 Kort

**Ljósmynd af lendingarstað þyrlu sunnan gangna** MYND 1.1



**Öryggisbúnaður, langsnið/grunnmynd** **MYND 1.2**



**Norðan gangna, afstöðumynd** **MYND 1.3**



**Sunnan gangna, afstöðumynd** **MYND 1.4**




## Skýring með kortum og ljósmyndum

# Lendingarstaðir þyrlu við Hvalfjarðargöng

Gert er ráð fyrir því í viðbúnaðaráætlun Hvalfjarðarganga að kallað verði eftir aðstoð þyrlu Landhelgisgæslunnar til að

- koma slösuðu fólki af vettvangi á sjúkrahús í Reykjavík,
- flytja mannafla og búnað viðbragðsaðila af höfuðborgarsvæðinu að norðurmunna ganganna til aðstoðar þar ef ástand útheimtir. Umrætt lið verður annað hvort flutt beint frá Reykjavík eða frá suðurmunnanum og norður yfir fjörðinn.

Líklegustu lendingarstaðir þyrlu sunnan fjarðar hafa verið merktir inn á ljósmynd (1.) og á kort (beggja vegna fjarðar, 1.3 og 1.4) eftir vettvangskönnun fulltrúa Landhelgisgæslunnar og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

Malarplan ofan við gjaldskýlið er lendingarstaður þyrlu norðan Hvalfjarðar (LÞ).

Malarplan ofan þjóðvegar við suðurmunna ganganna er sömuleiðis lendingarstaður (LÞ-a).

Hægt er að aka inn á planið af heimreið bæjarins Skógaráss, hægra megin þjóðvegarins þegar komið er frá

Reykjavík á norðurleið.

Til greina kemur líka að lenda á túni neðan við þjóðveginn (LÞ-b), nær sjónum. Sá staður er hins vegar lakari kostur vegna þess að enginn vegur liggur að honum og girðing er á milli hans og þjóðvegarins.

# 11.0 Dreifingarlisti

Allir sem hafa hlutverk samkvæmt áætlun þessari skulu eiga útprentað eintak í sínum fórum.

| Stofnun | Eintök |
|---|---|
| Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins | |
| Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra (samhæfingarstöð Reykjavík) | |
| Almannavarnarnefnd Vesturlands | |
| Björgunarfélag Akraness- svæðisstj. svæði 4 | |
| Mannvirkjastofnun | |
| Ríkislögreglustjórinn | |
| Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar FML | |
| Landhelgisgæslan | |
| Landsbjörg- svæðisstj. svæði 1 | |
| Landspítalinn | |
| Lögregla höfuðborgarsvæðisins | |
| Neyðarlínan | |
| RKÍ Akranesdeild | |
| RKÍ Kjósarsýsludeild | |
| Sjúkrahúsið og heilsugæslan Akranesi | |
| Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar | |
| Slökkvilið Borgarness | |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins | |
| Lögreglustjórinn á Vesturlandi | |
| Vegagerðin í Borgarnesi | |
| Vegagerðin í Reykjavík | |

# 12.0 Breytingasaga

| Útgáfa nr. | Dagsetning | Skýringar / breytingar | Fært inn |
|---|---|---|---|
| 1.0 | 10. maí 2004 | Fyrsta útgáfa | |
| 1.1 | 10. október 2004 | Önnur útgáfa | |
| 1.2 | Nóv 2007 | Drög | |
| Drög 1.3 | Des 2009 | | |
| Drög 1.8 | Mars 2011 | | |
| 1.10 | Des 2011 | RÓ, KK, ÁS | |
| 1.11 | Jan 2012 | RÓ, KK, ÁS, ARH, MT | |
| 1.12 | Mars 2012 | KK,RÓ | KK |
| 1.15 | Okt 2013 | RÓ | |
| 3.0 | Febr 2017 | Embætti, fjarskipti og nýr lögreglustjóri, upphafstalhópur | FVP |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

# 13. Viðaukar

**TALNINGARBLAÐ**

**Talningarstaður**

☐ **SLY** ☐ **SSS** ☐ **SSL** ☐ **LÞ** ☐ **HLIÐ** ☐ ______________________________

**Númer greiningarspjalds sett í viðeigandi reit fyrir þann sem talin er eftir lit á greiningarspjaldi.**

| GRÆNN | | GULUR | | RAUÐUR | | SVARTUR | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| 5 | Kl. ___:___ | 5 | Kl. ___:___ | 5 | Kl. ___:___ | 5 | Kl. ___:___ |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| 10 | Kl. ___:___ | 10 | Kl. ___:___ | 10 | Kl. ___:___ | 10 | Kl. ___:___ |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| 15 | Kl. ___:___ | 15 | Kl. ___:___ | 15 | Kl. ___:___ | 15 | Kl. ___:___ |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| 20 | Kl. ___:___ | 20 | Kl. ___:___ | 20 | Kl. ___:___ | 20 | Kl. ___:___ |

**Nafn talningamanns:**_____________________________________________________

**Blað nr.**__________ **Af** __________

**SKILIST TIL GÆSLUSTJÓRA**